

Kirkjuping 2021-2022, 18. og 19. mál.

Kirkjan bað aldrei um þá tilhögun sem nú er á vígslubiskupsembættunum. Þau eru algjörlega tilgangslaus og hlutverk vígslubiskupa er síðari tíma réttlæting á tilviljunarkenndri tilvist þeirra. Að auki eru þau kostnaðarsöm. Ákveðið var í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga að tveir starfandi prestar bæru þennan titil og sýna Dönum að við gætum séð um okkar mál sjálf án mikils kostnaðar við að senda biskupsefni til útlanda til að fá vígslu. Þessir tímar eru löngu liðnir.

Parkinson sýndi fram á þann mannlega veikleika að fjölga óþarfa embættum jafnt og þétt og auka þannig útgjöld og þenja út þann tíma sem til einfaldra verka gæfist. Ég hvet kirkjuping til að hugleiða vel umfjöllun Parkinsons um stjórnlausu fjölgun starfskrafta til að vinna verk einnar maneskju.

Agnarlítill þjóð þarf ekki alla þá yfirbyggingu fyrir þjóðkirkjuna sem nú hleðst upp eftir að undirstöður kirkjunnar voru veiktar með takmörkuðu fjármagni og með því að svipta presta myndugleika sínum. Að ætla að auki að búa til ný embætti prófesta sýnir að lengi getur vont versnað.

Ég hvet kirkjupingsfulltrúa til að skoða kostnað við rekstur vígslubiskupsembættanna fram að covid og grafa allar tölur upp.

Ég legg til að kirkjuping leggi niður vígslubiskupsembættin og sýni þannig í verki ábyrgð sína og ráðdeildarsemi. Mikilvægt er að hver og einn skoði með sjálfum sér samvisku sína og taki sjálfstæða afstöðu í þessu sem öðru. Þetta mál á að ræða um án nærveru og þátttöku þeirra sem gegna þessum hlutverkum nú um stundir.

Mbkv., Kristinn Ágúst Friðfinnsson.